

Vestmannaeyjabær  
b/t Sigurður Smári Benónýsson  
Tangagötu 1  
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík 9. apríl 2019  
UST201904-012/A.B.  
10.04.03

**Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Vestmanneyjarbær - Athafnasvæði við flugvallarland**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu á deiliskipulagi af athafnasvæði AT-3 í Vestmannaeyjabæ.

Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulaginu verður gert ráð fyrir lóðum og byggingarreitum undir blandaða starfsemi þ.e. léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum, umboðs- og heildverslunum, skrifstofum, vörugeymslum, rannsóknarhúsum, veitustarfsemi eða annarri starfsemi þar sem lítil hætta er á mengun.


Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslysingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur